



## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

---

### TILLAGA UM MINNI KENNSLUSKYLDU

---

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 leggur áherslu á að ávallt sé nægur tími til úrvinnslu og undirbúnings kennslu. Í sameiginlegri vinnu sveitarfélaganna og Félags grunnskólakennara varðandi bókun 1 í kjarasamningi aðila frá 2016 var ítrekað bent á að tíma til faglegra verkefna vantar stórlega. Verkefnum kennara fjölga sífellt ár frá ári og ljóst er að sá tími sem ætlaður er til faglegra starfa er ekki nægur. Eina leiðin til að svo megi verða er að minnka kennsluskyldu kennara og með því skapa tíma svo þeir geti sinnt grunnþáttum starfs síns.